



Rannsóknarsjóður
síldarútvegsins

Úthlutun styrkja úr Rannsóknarsjóði síldarútvegsins á árinu 2016

Á árinu 2016 styrkir Rannsóknarsjóður síldarútvegsins fjögur fræðslu- og kynningarverkefni í sjávarútvegi, samtals um 11,5 milljónir króna. Jafnframt styrkir Félag síldarútgerða eitt verkefni um 2,6 milljónir króna. Eftirtalin verkefni eru styrkt að þessu sinni:

Heiti verkefnis: VERSTÖÐIN ÍSLAND 1 - 4 gerð aðgengileg í stafrænu formi

Verkefnisstjóri: Erlendur Sveinsson, Kvikmyndasafn Íslands

Markmið verkefnis: Að gera dýrustu og yfirgripsmestu sjávarútvegskvikmynd Íslendinga aðgengilega á diskum og til bíó- og netsýninga með kaflaskiptum valmyndum svo auðveldi megi notkun verksins t.d. í skólum. Framleiðslusögu myndarinnar haldið til haga með útgáfu bæklinga. Myndaflokkurinn jafnframt gerður aðgengilegur útlendingum með þýðingu á ensku.

Heiti verkefnis: Öryggi í fiskvinnslu – „Öryggi er allra hagrur“.

Verkefnisstjóri: Hilda Jana Gísladóttir, N4 Sjónvarp

Markmið verkefnis: Öryggismál eru ofarlega á dagskrá fiskvinnslunnar, enda um að ræða stórt hagsmunamál. Myndböndunum (8-10) er ætlað að vera fræðandi og benda á mikilvægi þess að allir sem koma að framleiðslunni séu meðvitaðir um að öryggis- og hreinlætismál séu í góðu lagi. Myndböndin verða þýdd á pólsku og ensku.

Heiti verkefnis: Sjávarútvegur á Íslandi. 6 þættir, 10-15 mínútur hver og kennarahandbók.

Verkefnisstjóri: Brynhildur Einarsdóttir

Markmið verkefnis:

- Að auka skilning nemenda á sjávarútvegssögu Íslendinga
- Að upplýsa nemendur um að sjávarútvegur sé ein mikilvægasta atvinnugrein Íslands
- Að nemendur þekki helstu stofnanir tengdar sjávarútvegi
- Að fræða nemendur um verkun og vinnslu í sjávarútvegi
- Að kynna nýjungar í sjávarútvegi
- Að fræða nemendur um menningarauðinn sem sjávarútvegurinn hefur alið af sér

Heiti verkefnis: Gagnvirkir spjaldtölvuforrit um lífríki sjávar

Verkefnisstjóri: Brynhildur Bjarnadóttir, Háskólinn á Akureyri

Markmið verkefnis: Markmiðið með þessu verkefni er að smíða notendavænt og aðgengilegt netforrit sem nýtist við kennslu í náttúrufræði en einnig sem leikur fyrir alla. Afurðin verður ekki bara námsgagn heldur skemmtilegur leikur sem hægt verður að spreyta sig á hvar sem nettenging og snjalltæki fara saman.

Heiti verkefnis: Mengun sjávar

Verkefnisstjóri: Birna Sigrún Hallsdóttir, Umhverfissráðgjöf Íslands ehf.

Markmið verkefnis: Ísland byggir afkomu sína á gæðum hafsins. Hreinleiki sjávar er gríðarlega mikilvægur og nauðsynlegt er að efla fræðslu bæði á grunn- og framhaldsskólastigi. Á aðgengilegan, fræðandi og spennandi hátt munu vefrit og vefsíða vekja áhuga á þessu mikilvæga málefni. Kennarar fá aðgang að faglegu, upplýsandi kennsluefni á íslensku, en slíkt skortir alveg núna.